

FUNDARGERÐ

65. fundur stjórnar FUM, Félags um menntarannsóknir, haldinn þriðjudaginn, 5. maí 2009, kl. 15:00, í húsnæði HÍ, Bolholti 6, Reykjavík, fundarherbergi á 5. hæð.

Fundinn sátu: Steinunn Helga Lárusdóttir, formaður, Ingólfur Á. Jóhannesson, Meyvant Þórólfsson, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, Gretar Marinósson, sem varamaður Sigurlínar Davíðsdóttur, og Gerður G. Óskarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar. Hún samþykkt.
2. FUM-ráðstefna árið 2010. Samþykkt tillaga formanns um að ráðstefnan verði haldin laugardaginn, 27. febrúar 2010, kl. 10:00 til 15:00. Formaður mun leita eftir því að ráðstefnan fái inni í Hamri húsi Menntavísindasviðs við Stakkahlíð. Aðalfyrirlestrar fari fram í Skriðu og málstofur verði í um 10 kennslustofum.

Samþykkt að þema ráðstefnunnar verði: *Samspil rannsókna og þróunarstarfs.*

3. Framkvæmdaáætlun félagsins næsta ár (sjá fundargerð 64. fundar um leiðarljós starfsins á starfsárinu: *Styrking rannsóknarsamfélagsins*).
 - a) Ráðstefna haldin í febrúar 2010, sjá lið nr. 1.
 - b) Námskeið og fræðslufundur. Samþykkt að halda fjögur til sex námskeið á haust- og vorönn næsta vetur (tvö til þrjú námskeið hvora önn). Þau verði um Word, Power Point, NVivo, veggspjöld, kynningar á ráðstefnum og „academic writing“. Formaður tók að sér að leita eftir leiðbeinendum á þessum námskeiðum.
 - c) Útgáfa TUM. Er í gangi samkvæmt áætlun.
 - d) Heimasíða FUM. Grétar lagði fram tillögu að mögulegu efni á vef FUM og útprent af forsíðum heimasíðna nokkurra sambærilegra erlendra félaga. Ákveðið að formaður og vefstjóri skoði málið frekar fram að næsta fundi og kalli aðila til ráðgjafar eftir þörfum.
 - e) Íðorðanefndin. Hún hélt sinn fyrsta fund 15. apríl sl. og kemur næst saman í haust.

Ritari vék af fundi kl. 16:30 og formaður tók við fundarritun.

4. Fjármál félagsins. Gjaldkeri mun ræða við fráfarandi gjaldkera um stöðu mála.
5. Næsti fundur stjórnar ákveðinn miðvikudaginn 27. maí, kl. 15:00, í Bolholti 6.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16.45.
G.G.Ó./S.H.L.